

Alþingi
Erindi nr. P 127/1906
komudagur 15.4.2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



12.apríl 2002

Umsögn SVP – Samtaka verslunar og þjónustu um frumvarp til laga um vörur unnar úr eðalmálmum, 620.mál, merkingar og eftirlit.

1. Inngangur

Þetta stjórnarfrumvarp er lagt fram í samræmi við óskir Félags íslenskra gullsmiða til Viðskiptaráðuneytisins haustið 2000. Tilgangur þess er annars vegar að vernda neytendur með því að tryggja að lýsing á vörunni sé rétt og hins vegar að auðvelda íslenskum gullsmiðum útflutning framleiðsluvara sinna og sölu ytra. Fram kemur að við frumvarpsgerðina hafi verið stuðst við hliðstæða löggjöf í Danmörku og Svíþjóð. Unnið hefur verið að tilskipun um þetta efni hjá ESB en ekki náðst eining um málið og því ekki séð hvort og þá hvenær tilskipun kemur úr þeirri áttinni.

2. Frumvarpið

SVP-Samtök verslunar og þjónustu gera ekki athugasemdir við að frumvarp sem þetta sé lagt fram og hafa skilning á mikilvægi þess að tryggja að vörur sem unnar eru úr eðalmálmum á Íslandi hafi markaðsaðgang að erlendum mörkuðum.

SVP hafa einkum staldrað við 12.gr. frumvarpsins um gjaldtöku og borið ákvæði hennar saman við ýmis önnur lög sem fjalla um atvinnulífið. Ekki er gerð athugasemd við nafnstimpilgjaldið sem einsskiptisgjalds og árlegt eftirlitsgjald að upphæð 12.000 kr. er ekki ósvipað eftirlitsgjaldi í öðrum lögum. En samtökin telja fremur óheppilegt að til viðbótar komi eins og segir í greininni: „...auk kostnaðar vegna sýnatöku og greiningar sýna.“ Eftirlitsgjaldið upp á 12 þúsund krónur ætti að öðru jöfnu að duga fyrir þessu.

SVP- Samtök verslunar og þjónustu þakka fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um umrætt frumvarp þótt tími hafi verið full knappur til að færi gæfist á nægilegu samráði við aðildarfyrirtækin.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri